



Prjónið hægri lista á sama hátt en með 2 hnappagötum þar sem listinn mælist 1 sm.

Eitt hnappagat á að vera á stroffinu á framstykkinu, eitt hnappagat þar fyrir neðan og eitt hnappagat á miðri hálslíningu. Hafið jafnt bil á milli hnappagatanna. Hnappagat: Fellið af 3 lykkjur og fitjið þær aftur upp á næstu umf.

Prjónið upp u.þ.b. (110) 114 (122) 126 (134) lykkjur með fjólubláu á prjóna nr. 3 meðfram hálsmálinu (lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 4 + 2). Prjónið 3 sm. stroff (2 sl., 2 br., endið á 2 sl. frá réttunni). Munið að gera þriðja hnappagatið þegar hálslíningin mælist 1 sm. Fellið af með sl. og brugðnum lykkjum. Festið tölur.



Jakki

Stærðir:

(3) 6 (12) 24 mánaða

Mál á jakka:

Yfirvidd: (47) 52 (58) 62 sm

Sídd: (25) 27 (30) 34 sm

Garn í peysu og húfu: Mandarin petit (100% bómull)

Kremað nr. 1002: (2) 3 (3) 4 dokkur + 1 dokka í húfu.

Fylgihlutir:


5 tölur.

Kaðlaprjónar.

Prjónar:

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 2,5 og 3.

Munstur A



Endurtakið

□ = Slétt á réttu, brugðið á röngu.

☑ = Brugðið á réttu, slétt á röngu.

▣ = 2 br. saman.

▤ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir aftan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

▥ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir framan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

▧ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir aftan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum brugðnar saman.

▨ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir framan, 2 br. saman, prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

Prjónfesta:

27 lykkjur í sléttu prjóni á prjóna nr. 3 = 10 sm.

Bolur:

Fitjið upp (140) 152 (168) 184 lykkjur á prjóna nr. 2,5 og prjónið stroff. Fyrsti prjónn er frá röngunni þannig: 1 sl. kantlykkja, 2 br. (2 sl., 2 br.,) þar til 1 lykkja er eftir, endið á 1 kantlykkju. Kantlykkjur eru alltaf prjónaðar sléttar. Prjónið stroff þar til bolurinn mælist 2,5 sm. Skiptið yfir á prjóna nr. 3 og prjónið slétt á réttu, br. á röngu. Takið úr á fyrstu umf. með jöfnu millibili

þannig að (124) 134 (152) 164 lykkjur séu á prjóninum (takið úr yfir brugðnum lykkjum).

Prjónið þar til bolurinn mælist (12) 14 (16) 19 sm. Fellið af fyrir handvegi frá réttunni þannig: Prjónið (29) 31 (35) 38 lykkjur = hægra framstykki, fellið af (3) 4 (5) 5 l., prjónið (60) 64 (72) 78 l. = bakstykki, fellið af (3) 4 (5) 5 lykkjur, prjónið (29) 31 (35) 38 lykkjur = vinstra framstykki. Leggið bolinn til hliðar og prjónið ermar.

Ermar:

Fitjið upp (44) 44 (48) 48 lykkjur á sokkaprjóna nr. 2,5 og prjónið 2,5 sm. stroff (2 sl. 2 br.). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3 og prjónið slétt í hring. Takið jafnfram úr á 1. umf. þar til (40) 42 (44) 46 lykkjur eru á prjóninum (takið úr yfir brugðnum lykkjum).

Prjónið þar til ermin mælist 3 sm.

Setjið merki í fyrstu lykkjuna á prjóninum. Aukið út 1 lykkju sitt hvorum megin við merkilykkjuna. Endurtakið þessa útaukningu á (6.) 7. (7.) 7. hverri umf. þar til (54) 56 (60) 64 lykkjur eru á prjóninum. Prjónið þar til ermin mælist (15) 17 (19) 21 sm. Fellið af (4) 4 (6) 4 lykkjur undir erminni. Leggið ermina til hliðar og prjónið aðra ermi á sama hátt.

Berustykki:

Sameinið bol og ermar og prjónið fram og til baka = (218) 230 (250) 274 lykkjur á prjóninum. Prjónið sl. á réttu, br. á röngu, setjið merki við samskeytin milli erma og bols. Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir að fyrstu samskeytunum. Takið eina lykkju óprjónaða framaf, 1 sl., steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, 2 sl. 2 sl. saman. Endurtakið þessa úrtöku á öllum samskeytum = 8 lykkjur teknar úr. Endurtakið þessa úrtöku á 2. hverjum prjóni þar til tekið hefur verið úr samtals (3) 3 (4) 4 sinnum = (194) 206 (218) 242 lykkjur á prjóninum. Prjónið á næsta prjóni frá réttunni munstur A (uglumunstur) samtals (16) 17 (18) 20 sinnum. Fyrsta og síðasta lykkjan á prjóninum er kantlykkja. Þær eru ekki sýndar á teikningu. Prjónið fyrstu 4 umf. á prjóninum frekar fast. Prjónið og takið úr eins og sýnt er á teikningu.

Prjónið 2 lykkjur sl. saman á milli hverrar uglu á síðustu umf. munstursins (frá röngunni) = (15) 16 (17) 19 úrtökur og (83) 88 (93) 103 lykkjur á prjóninum. Prjónið br. á réttu, sl. á röngu og snúið þannig við fyrir háls máli: Prjónið þar

til 5 lykkjur eru eftir af umferðinni, snúið, takið fyrstu lykkjuna óprjónaða framaf, prjónið þar til 5 lykkjur eru eftir af umferðinni. *Snúið, takið fyrstu lykkjuna óprjónaða framaf, prjónið þar til 5 lykkjur er eftir að staðnum þar sem áður var snúið við*. Endurtakið frá * til * þar til snúið hefur verið við (2) 2 (3) 3 sinnum í hvorri hlið.

Prjónið 1 umf. yfir allar lykkjurnar. Komið í veg fyrir að gat myndist þar sem snúið var við með því að taka upp band við hvern snúning og prjóna það með næstu lykkju. Fellið af kantlykkjuna í hvorri hlið (steypið lykkjunni yfir lykkjuna við hliðina á án þess að prjóna þær). Geymið lykkjurnar (81) 86 (91) 101 sem eftir eru og prjónið lista.

Frágangur:

Saumið saman undir ermum. Listar: Prjónið upp á prjóna nr. 2,5 meðfram hægra framstykki (vinstra framstykki fyrir stúlkur) u.þ.b. 3 lykkjur á hverjar 4 umf. Prjónið 2,5 sm. stroff (2 sl., 2 br.). Fellið af með sl. og br. lykkjum.

Prjónið vinstra framstykki eins (hægra framstykki fyrir stúlkur) en með 4 hnappagötum þegar listinn mælist 1 sm. Neðsta hnappagatið á að vera fyrir miðju stroffi og hin þrjú með jöfnu millibili þar fyrir ofan (5. og efsta hnappagatið er gert á hálslíninguna). Hnappagat: fellið af 2 lykkjur og fitjið þær upp á næstu umferð.

Hálslíning:

Prjónið lykkjurnar á hálsmálinu á prjóna nr. 2,5 meðfram hálsmálinu og takið upp lykkjur við enda listanna. Jafnið lykkju-fjöldann á 1. umf. í u.þ.b. (86) 90 (94) 98 lykkjur. Prjónið 2,5 sm. stroff (2 sl. 2 br.) Munið að gera 1 hnappagat þegar listinn mælist 1 sm. Fellið af með sl. og br. lykkjum. Festið tölur.

Húfa

Stærðir:

(0-6) 6-12 (12-24) mánaða.

Byrjið á öðru eyranu:

Fitjið upp (5) 5 (6) lykkjur á prjóna nr. 3 og prjónið sl. á réttu, br. á röngu fram og til baka. Fitjið upp í enda hverrar umferðar (4,3,2,1,1) 4,3,2,1,1,1 (4,3,2,1,1,1) lykkjur í hvorri hlið = (27) 29 (30) lykkjur.


Prjónið (8) 8 (10) umf. eftir síðustu

útaukninguna. Leggið eyrað til hliðar og prjónið annað eyra á sama hátt.

Húfa:

Prjónið yfir allar lykkjurnar af öðru eyranu með sokkprjónum eða hringprjón nr. 3, fitjið upp (10) 12 (16) lykkjur, prjónið yfir lykkjurnar af hinu eyranu, fitjið upp (26) 30 (34) lykkjur. Prjónið sl. í hring yfir allar (90) 100 (110) lykkjurnar. Prjónið 4 umf. Prjónið nú frekar fast 1 umf. br., 1 umf. sl., 1 umf. br., 1 umf. sl. = 2 garðar. Prjónið br. en munstur B yfir 8 lykkjur í miðju að framan. Þegar munstrinu lýkur er prjónað br. Prjónið þar til húfan mælist (8) 8,5 (9) sm. í miðju að framan.

Munstur B



Miðja að framan

□ = Slétt á réttu, brugðið á röngu.

☑ = Brugðið á réttu, slétt á röngu.

▣ = 2 br. saman.

▤ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir aftan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

▥ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir framan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

▧ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir aftan, 2 sl., prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum brugðnar saman.

▨ = Setjið 2 lykkjur á kaðlaprjón fyrir framan, 2 br. saman, prjónið lykkjurnar af kaðlaprjóninum sléttar.

Takið úr þannig: *2 br. saman, 8 br.* Endurtakið frá * til * út umferðina = (81) 90 (99) lykkjur. Prjónið 2 umf. br.

Næsta umf.: *2 br. saman, 7 br.* Endurtakið frá * til * út umferðina = (72) 80 (88) lykkjur. Prjónið 2 umf. br. Haldið áfram með þessa úrtöku á 3. hverri umf. þar til (18) 20 (22) lykkjur eru eftir á prjóninum. Prjónið 2 lykkjur br. saman út umferðina. Kklippið á þráðinn, dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru og festið endana.

Listi:

Prjónið upp á hringprjón nr. 2,5 u.þ.b. (136) 152 (168) lykkjur meðfram kanti húfunnar. Prjónið 5 umf. stroff (2 sl., 2 br.) Fellið af með sl. og br. lykkjum en látið 6 lykkjur (helst 2 sl, 2 br. 2 sl.) neðst á hvoru eyra standa eftir. Prjónið stroff yfir þessar 6 lykkjur u.þ.b. 28 sm. Fellið af.